



UMHVERFISSTOFNUN

# Gönguleiðir í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli



## Hvert skal halda?

Margar og fjölbreyttar gönguleiðir eru í og við Þjóðgarðinn Snæfellsjökul, og ættu allir að geta fundið leið við sitt hæfi. Sumar þeirra eru stíkaðar eða merktar og flestar er auðvelt að rata. Hægt er að tengja gönguleiðirnar saman á ýmsan hátt. Vert er að hafa í huga að lítið er um yfirborðsvatn í Þjóðgarðinum, því er nauðsynlegt að hafa með

**Viða geta leynst ýmsar hættur og ávallt skal sýna varkærni. Sérstakrar varúðar þarf að gæta við:**

- Snæfellsjökul
- hraungjótur
- björg
- sjóinn

sér eitthvað að drekka þegar lagt er í göngu. Göngufólk sem ætlar sér í nokkurra daga göngur í gegnum Þjóðgarðinn er vinsamlegast beðið um að hafa samband við starfsmenn Þjóðgarðsins við upphaf ferðar og láta vita af ferðum sínum og áætluðum ferðatíma.

## Útbúnaður

Útbúnaður skiptir miklu máli í gönguferðum og miða þarf m.a. við hversu löng gangan skal vera. Það sem gott er að hafa í huga varðandi ferðabúnað er:

- » Góðir skór
- » Vatnsbrúsi með vatni
- » Léttur hlífðarfatnaður
- » Göngustafir
- » Sjónauki
- » Myndavél
- » Auka sokkar
- » Sólgleraugu
- » Sjúkrabúnaður
- » Áttaviti/GPS-tæki
- » Landkort



## 1. Írskrbrunnur – Gufuskálavör – Fiskbyrgi



STIKUÐ HRINGLEIÐ / 2 KM / 1 KLST. Í HEILD. Hægt er að ganga skemmtilega hringleið um Írskrbrunn, Gufuskálavör og fiskbyrgin. Gangan byrjar t.d. á bílastæðinu við Írskrbrunn. Eftir að brunurinn hefur verið skoðaður er gengið í átt að Gufuskálavör. Sú ganga tekur aðeins um 10 mínútur og er gengið framhjá gömlum öskuhaug á leiðinni. Róið var frá Gufuskálavör fyrr á öldum og er enn hægt að sjá kjalför á klöppunum í vörinni. Haldið er áfram meðfram rústum Gufuskálabajarins í átt að fiskbyrgjunum í hraunjaðrinum. Leiðin liggur yfir Útnesveg svo gæta þarf varúðar. Gangan frá Gufuskálavör að fiskbyrgjunum tekur um 25 mínútur og er gengið í gegnum hraunið seinasta spölin. Síðan er haldið til baka að Írskrbrunni.

## Skýringar

- Gestastofa
- Viti
- Kirkja
- Upplýsingar
- Bílastæði
- Skipsstrand
- Tjaldstæði
- Golfvöllur
- Friðlýstar Fornminjar
- Fuglaskoðunarstaðir
- Gönguleið nr.
- Gönguleið, stíkuð
- Gönguleið, óstíkuð
- Þéttbýli
- Aðalvegur
- Annar vegur
- Vegarslóð
- Friðland
- Náttúruvætti
- Þjóðgarður



© Landmælingar Íslands Kortagerð Jón Órvar G. Jónsson



**UMHVERFISSTOFNUN**  
 Suðurlandsbraut 24 - 108 Reykjavík  
 Sími 591 2000 - Fax 591 2020  
 Bein sími Þjóðgarðsins er 436 6888 og 436 6860  
 snaefellsjokull@ust.is www.umhverfisstofnun.is  
 Texti: Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull. Ljósmyndir: Snævarr Guðmundsson, Hákon Asgeirsson, Jóhann Óli Hilmarsson, Ásta Davíðsdóttir, Linda Blöck, Hallgrímsdóttir og Þórunn Sigþórsdóttir. Kortagerð: Jón Órvar Geirsson Jónsson. Kortin voru gerð samkvæmt gögnum frá Landmælingum Íslands.  
 Umbröf: Víglundur Jónsson Prentun: Guðjón Ó. Vistvaen prentsmiðja Útgáfunúmer: UST-2009-11

## 6. Beruvík – Öndverðarnes um Neshraun

**VÖRDUÐ LEIÐ / 6 – 8 KM / 3 KLST.**

Lagt er af stað frá bílastæði í nágrenni við Lambhagatjarnir. Gamla þjóðleiðin þaðan og út á Öndverðarnes liggur um Nesgötu. Leiðin er vörðuð. Á sýðri hluta leiðarinnar, frá Moldflögum að Grashólshelli, má sjá hvernig gatan hefur verið rudd og hlaðin á köflum. Leiðin frá Moldflögum að vegi út á Öndverðarnes er rúmir 6 km en sé gengið alla leið út á Öndverðarnestá bæstast tæpir 2 km við. Gígarnir og hraungróðurinn eru mjög viðkvæmir fyrir raski – því er sérstaklega mikilvægt að ganga aðeins eftir merktum leiðum.

### 2. Móðuvör – Skarðsvík – Öndverðarnes

**VÖRDUÐ LEIÐ / 4 KM / 2-3 KLST.**

Gömul þjóðleið liggur með sjónum frá Móðuvör fram á Öndverðarnes. Á þeirri leið er Skarðsvík, falleg vik með ljósum sandi í skjóli kletta. Á Öndverðarnesi má sjá minjar eftir útræði og búskap fyrri tíma. Brunnurinn Fálki er ævafornt vatnsból Öndverðarness. Á Öndverðarnesi er fjölbreytt fuglalíf. Þaðan sjást súlur oft stinga sér í æti og stundum sjást hvalir fyrir landi.

### 3. Öndverðarnes – Skálasnagi

**2 KM / 1 KLST.**

Frá Öndverðarnesi að Skálasnaga liggur leiðin í gegnum kolsvart hraunið. Á leiðinni má sjá gamla, hlaðna refagildru. Miklð fuglalíf er í Þjörgunum sem frá sjó bera nafnið Svörtuloft.



#### Hólastígur

**STIKUÐ GÖNGULEIÐ**

Gömul þjóðleið á milli Gufuskála og Saxhóls. Tilvalið er að ganga leiðina í teimur áföngum. Um miðbík leiðarinnar er bílastæði á mótis við Móðulæk og skilti sem vísar á Hólastíg.



#### 4. Skálasnagi – Beruvík

**6 KM / 3 KLST.**

Á Skálasnaga er viti og nokkru sunnan við hann eru minjar frá þeim tíma þegar sigið var í Þjórgin. Leiðin liggur um úfið hraun og er nokkuð erfið. Í Beruvík eru fallegar tjarnir og rústir frá þeim tíma þegar þar var búið.

### 5. Öndverðarneshólar – Vatnsborg – Grashólshelli

**HRINGLEIÐ / 6 KM / UM 3 KLST. ÖLL LEIÐIN**

Lagt er af stað frá merktu bílastæði við veginn út á Öndverðarnes. Skemmtileg stikuð leið liggur um Neshraun að Vatnsborg. Í hrauninu má finna lægðir og hella með fallegum burknum og blómgróðri. Vatnsborg er hömrum girtur gígur með miklum burknagróðri í botninum. Hægt er að halda áfram að Grashóli og Grashólshelli, þaðan áfram Nesgötu, sem er vörðuð þjóðleið, og síðan eftir þjóðvegi að upphafspunkti. Gígarnir og hraungróðurinn er mjög viðkvæmur fyrir raski. Því er sérstaklega mikilvægt að ganga aðeins eftir merktum leiðum.



#### 10. Rauðhóll

**STIKUÐ HRINGLEIÐ / 2,3 KM / 1 KLST.**

Frá Eysteinsdalsvegi liggur stikuð leið á Rauðhól. Frá Rauðhóli rann Prestahraun í sjó fram allt frá Hellissandi til Skarðsvíkur. Leiðin á Rauðhól er um 1 km hvora leið. Einnig er gaman að ganga með Móðulæknum og virða fyrir sér skessukatla. Frá Rauðhól liggur hrauntröð og eru þar fallegar tjarnir með vatnagróðri sem gaman er að skoða. Tilvalið er að ganga á Rauðhól, niður með hrauntröðinni og til baka með Móðulæknum að bílastæðinu.

#### 11. Klukkufoss

**STIKUÐ GÖNGULEIÐ / 600 M / 20 MÍN.**

Upphaf gönguleiðar er frá vegi upp í Eysteinsdal. Að grágrýtishöfðanum Klukku og Klukkufossi er stuttur gangur, en við fossinn eru fallegar stuðlabergsmýndanir.



### 19. Klöfningsrétt – Hólahólar

**STIKUÐ GÖNGULEIÐ / 4 KM / 2 KLST.**

Leiðin liggur á milli Klöfningsréttar í Beruvík og Hólahóla. Falleg leið með ströndinni. Í Beruvík var búið fram á miðja 20. öld og Hólahólar voru stórbýli. Ströndin er fjölbreytt en gengið er um þægilegt, grasi gróið land. Stikla/ stökkva þarf yfir litinn læk. Á leiðinni eru rústir kotbýlisins Litlálóns þar sem sagt er að Halldór Laxnes hafi dvalið eitt sinn.

#### 20. Hólahólahringurinn


**STIKUÐ HRINGLEIÐ / 2,5 KM / 1 KLST.**

Gönguleiðin byrjar við Hólavog og liggur leiðin fyrst í átt að Hrafnabjörgum. Gengið er í graslendi eftir fjárgötum, meðfram tjörnum og rústum að gamla bæjarstæðinu Hólahólum. Liggur leiðin svo í átt að sjónum og er gengið til baka meðfram ströndinni, oft í stórgryti. Hægt er að taka smá krók á leiðinni og fara að Dimmujótu.

### 16. Eyrahringur

**STIKUÐ HRINGLEIÐ / 3 KM / 2 KLST.**

Frá bílastæði í nágrenni við Lambhagatjarnir liggja tvær skemmtilegar gönguleiðir, önnur að



### 17. Beruvíkurbær


**STIKUÐ HRINGLEIÐ / 1,5 KM / 1 KLST.**

Upphaf gönguleiðar er við bílastæði hjá Beruvík. Liggur leiðin um rústir bæja sem voru í Beruvík og meðfram Beruvíkurtjörnum. Frekar þægileg stikuð gönguleið, um sléttlendi, þýft land, hraun og viðkvæma mosa.

### 18. Stutthalastígur

**STIKUÐ GÖNGULEIÐ / 600 M / 20 MÍN.**

Stutthalastígur er á milli Klöfningsréttar og Beruvíkur. Skemmtileg gönguleið um fallegt hraun.



#### 23. Dritvík – Sandhólar

**3 KM / 1,5 KLST.**

Hægt er að ganga eftir gamalli vermannagötu um Beruvíkurhraun og í Sandhóla. Sú ganga tekur um eina og hálfu klukkustund frá Dritvík. Öll leiðin frá Djúpalónssandi um Dritvík í Sandhóla er um 4 km. Sumum finnst leiðin fallegri frá Sandhólum til Djúpalónssands.



## 25. Svalþúfa – Lóndrangar – (áfram að Malarrífi)


**STIKUÐ GÖNGULEIÐ SVALÞÚFA – LÓNDRANGAR 1 KM / 30 MÍN. SVALÞÚFA – MALARRIF 1,6 KM / 1 KLST.**

Frá bílastæði við Svalþúfu að Lóndröngum og aftur til baka er um 1 km. Gengið er fyrst upp á Svalþúfu en þar sátu að sögn þeir kölski og Kolbeinn Jöklaarskáld fyrrum og kváðust á. Í Þúbúþjargi er mikið fuglalíf og gott að hafa góðan sjónauka með sér. Frá Svalþúfu að Lóndröngum liggur leiðin niður álagabrekku og síðan meðfram ströndinni. Við Lóndranga er hraunið vaxið viðkvæmum mosa og mikilvægt að fylgja göngustígum. Þar er hægt að sjá fornar hleðslur frá þeim tíma þegar róið var frá Drangavogi. Haldið er til baka eftir stikaðri leið lítið eitt innar í landinu, eða áfram eftir ströndinni að Malarrífi um hálfan km til viðbótar.

### 31. Sölvahamar

**1,5 KM / 50 MÍN.**

Eftir Sölvahamri liggur gamla þjóðleiðin vestur undir Jökul. Þar eru Sölvahamarsrústir sem eru friðlystar og á fornleifaskrá. Ganga á Sölvahamar frá landinu, eða áfram eftir ströndinni að Malarrífi um hálfan km til viðbótar.



#### 26 - 28. Efstivegur

**AÐ HLUTA STIKUÐ**

Áður fyrr lágu fjölfarnar þjóðleiðir um svæðið undir Jökli. Ein af þeim er Efstivegur, sem liggur í fjallsrötum jökulsins. Hluti heiðarinnar frá **(26)** Beruvíkurhrauni að Skeiðsandi, er um 11 km og er sú leið stikuð. Styttri kaflar og auðratarðir eru upp með **(28)** Háahrauni og að Purkhólum (4 km) og **(27)** frá Purkhólum um Lónland í Beruvíkurhraun (4,5 km).

#### 29. Snæfellsjökull

**3- 5 KLST.**

Ganga á Snæfellsjökul tekur um 3-5 klst. Varhugavert er fyrir óvana að fara upp á jökul. Þeim sem ætla á Snæfellsjökul er eindregið ráðlagt að afla sér upplýsinga um færð og leiðir áður en lagt er af stað og gæta ítrustu varkárni. Þegar liður á sumar myndast stórar sprungur í jökulinn og hann verður ófær uppgöngu.



#### 33. Búðir – Frambúðir

**STIKUÐ GÖNGULEIÐ, 500 M (ÖNNUR LEIÐIN) / 30 MÍN. (FRAM OG TIL BAKA)**

Skemmtileg gönguleið liggur að Frambúðum þar sem andi liðinna tíma svífur yfir vel grónum fornminjum. Upphaf gönguleiðarinnar er við kirkjuna á Búðum. Í stað þess að ganga sömu leið til baka er hægt að fara hringleið og liggur stikuð leið meðfram ströndinni og aftur að kirkjunni.



### 35. Búðir – Miðhús, um Jaðargötu

**6 KM / 2- 3 KLST.**

Jaðargata (Jaðragata) liggur í hraunjaðrinum að stórum kletti sunnan við Miðhúsatúnið og rennur þar saman við Klettsgötuna. Gatan er víða ógreinileg. Ætlaður göngutími frá Búðum er tvær klukkustundir. Frá Axlarhólum er einungis um klukkustundar gangur að Miðhúsum, og bæstast þá um 2 km við leiðina.

## SKÝRINGAR Á GÖNGULEIÐATÖFLU

 ■  Stuttar gönguleiðir 2 klst. eða minna

 ■  Lengri gönguleiðir 2 klst. eða meira

<b>AUÐVELT</b> Að jafnaði sléttir stígar, án teljandi hindrana.	<b>KREFJANDI</b> Lengri eða skemmi ósléttir og erfiðir kafilar svo sem óbrúaðir lækir, lausamöl, há uppstig og fleira.	<b>ERFITT</b> Hindranir og erfiðleikar á borð við óbrúaðar ár og brattlendi. Geta verið hættulegar fyrir óvana við slæmar aðstæður.

## Höfum fyrir sið að leggja náttúrunni lið

- » *Landið virðum – ruslið hirðum.*
- » *Förm sporlaust um landið - fylgjum merktum göngustígum.*
- » *Ökum aðeins á vegum, þeir eru til þess.*
- » *Leyfum dýrum og plöntum að vera í friði þar sem þau eiga heima.*
- » *Virðum friðlysingarreglur og tilmæli landvarða.*
- » *Njótum kyrrðar og hlustum á hljóð náttúrunnar.*
- » *Virðum landið – verum með.*

Leið	Heiti gönguleiðar	Vegalengd	Tími	Hve erfitt	Hringleið	Stikuð	Vörðuð
1	Írskrabrunnur - Gufuskálavör - Fiskabyrgi	2 km	1 klst	<span>👤</span>	Já	x	
2	Móðuvör - Skarðsvík - Öndverðarnes	4 km	2-3 klst	<span>👤</span>	Nei		x
3	Öndverðarnes - Skálasnagi	2 km	1 klst	<span>👤</span>	Nei		
4	Skálasnagi - Beruvík	6 km	3 klst	<span>👤</span>	Nei		
5	Öndverðarneshólar	6 km	3 klst	<span>👤</span>	Já	x	x
5	Vatnsborg	2 km	40 mín	<span>👤</span>	Nei	x	
6	Öndverðarnes um Neshraun	6 km	3 klst	<span>👤</span>	Nei		x
7	Hólastígur: Móðulækur - Saxhóll	2 km	1 klst	<span>👤</span>	Nei	x	
8	Hólastígur: Móðulækur - Gufuskálar	3 km	1,5-2 klst	<span>👤</span>	Nei	x	
9	Sauðhóll	2 km	1 klst	<span>👤</span>	Nei	x	
10	Rauðhóll	2,3 km	1 klst	<span>👤</span>	Já	x	
11	Klukkufooss	600 m	20 mín	<span>👤</span>	Nei	x	
12	Snekkjufoss	500 m	20 mín	<span>👤</span>	Nei	x	
13	Sjónarhóll	300 m	10 mín	<span>👤</span>	Nei	x	
14	Hreggnasi	1 km	40 mín	<span>👤</span>	Nei	x	
15	Saxhóll - Bárðarkista	5 km	3-4 klst.	<span>👤</span>	Nei		
16	Eyrahringur	3 km	2 klst	<span>👤</span>	Já	x	
17	Beruvíkurbæir	1,5 km	1 klst	<span>👤</span>	Já	x	
18	Stutthalastígur	600 m	20 mín	<span>👤</span>	Nei	x	

Leið	Heiti gönguleiðar	Vegalengd	Tími	Hve erfitt	Hringleið	Stikuð	Vörðuð
19	Klöfningsrétt – Hólahólar	4 km	2 klst	<span>👤</span>	Nei	x	
20	Hólahólahringur	2,5 km	1 klst	<span>👤</span>	Já	x	
21	Hólavogur – Djúpalónssandur	4,5 km	2,5 klst	<span>👤</span>	Nei	x	
22	Djúpalónssandur - Dritvík	1 km	20 mín	<span>👤</span>	Nei	x	
23	Dritvík - Sandhólar	3 km	1,5 klst	<span>👤</span>	Nei		
24	Djúpalónssandur - Malarrif	6 km	2-3 klst	<span>👤</span>	Nei	x	
25	Svalþúfa - Malarrif	1,6 km	1 klst	<span>👤</span>	Nei	x	
25	Svalþúfa - Lóndrangar	1 km	30 mín	<span>👤</span>	Nei	x	
26-28	<b>EFSTIVEGUR</b>			<span>👤</span>			
26	Skeiðsandur - Beruvíkurhraun	11 km		<span>👤</span>	Nei	x	
27	Beruvíkurhraun - Purkhólar	4,5 km	2-3 klst	<span>👤</span>	Nei		
28	Purkhólar - Háahraun	4 km	1-2 klst	<span>👤</span>	Nei	x	
29	Snæfellsjökull	3-5 klst		<span>👤</span>	Nei		
30	Arnarstapi - Hellnar	2,5 km	1 klst	<span>👤</span>	Nei	x	
31	Sölvahamar	1,5 km	50 mín	<span>👤</span>	Nei		
32	Bárðarlaug	300 m	10 mín	<span>👤</span>	Nei	x	
33	Búðir - Frambúðir	500 m	15 mín	<span>👤</span>	Nei	x	
34	Búðir - Miðhús (Klettsgata)	6 km	2-3 klst	<span>👤</span>	Nei	x	
34	Búðir - Búðaklettur	2 km	1 klst	<span>👤</span>	Nei	x	
35	Búðir - Miðhús um Jaðargötu	6 km	2-3 klst	<span>👤</span>	Nei		